


Með vísan til 90. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 gerir undirritaður fundarstjóri eftirfarandi athugasemdir og bókanir, þar sem fundarritari hefur neitað að færa þessar bókanir og atugasemdir inn í fundargerðina eins og gert er ráð fyrir í lögunum sbr. framangreinda grein. Bókanir og athugasemdir eru því settar hér fram á sérstöku blaði, sem teljast skal hluti af fundargerðarinni og samþykkir fundarstjóri ritun fundargerðar, eins og áskilið er í framangreindri gr. hlutafjárlaga.

- Liður 3. Starfskjarastefna félagsins: „og leggur fram tillögu um að samþykkt starfskjarastefnu verði frestað“ Þar við bætist „**Tillagan var samþykkt.**“
- Liður 5. Ákvörðun um hvernig skal fara með hagnað/tap félagsins: „Engin tillaga lögð fram um hvernig skuli fara með tap félagsins fyrir síðasta rekstrarár.“Við það bætist „**Fundarstjóri gat þess að þar sem tap færðist á næsta ár sbr. samþykktan ársreikning liti hann svo á að tap færðist á næsta ár. Var það samþykkt.**“
- Fundarritari er titlaður ritari stjórnar en eðlilegra er að hann sé titlaður „fundarritari“.


Guðmundur B. Ólafsson
fundarstjóri.

Samþykkt með athugasemdum fundarstjóra
Fris Röberts.

AÐALFUNDARGERÐ

Aðalfundur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf., haldinn föstudaginn 31. maí 2019 kl. 16:00 í fundarsal Hótel Vestmannaeyja.

Mættir eru: Lúðvík Bergvinsson stjórnarformaður, Grímur Gíslason, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Birna Víðó Þórsdóttir, Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins og Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja, Njáll Ragnarsson, bæjarfulltrúi, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi, Hildur Sólveig Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi, Helga Kristín Kolbeins, bæjarfulltrúi, Trausti Hjaltason, bæjarfulltrúi, Guðmundur Þ. B. Ólafsson og Tryggvi Már Sæmundsson, fulltrúi eyjar.net.

Páll Guðmundsson hefur boðað forföll.

Helgi Níelsson, endurskoðandi félagsins, sat fundinn undir dagskrárliðum 1 og 2.

Fundarstörf:

Fundurinn hófst með því að Lúðvík Bergvinsson, stjórnarformaður setti fundinn. Stjórnarformaður lagði til að Guðmundur Þ. B. Ólafsson verði kjörinn fundarstjóri.

Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lagði til að Arndís Bára Ingimarsdóttir verði kosin fundarritari. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hafi verið boðað skv. 14. gr. samþykkt félagsins eftir að hafa kynnt sér gögn um boðunina. Engar athugasemdir komu fram um boðunina.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar:

Stjórnarformaður félagsins flytur skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.

Að kynningu lokinni þakkar fundarstjóri stjórnarformanni fyrir kynninguna.

2. Rekstrar- og efnahagsreikningur félagsins 2018:

Endurskoðandi félagsins kynnir rekstrar- og efnahagsreikning félagsins fyrir liðið starfsár.

Að kynningu lokinni þakkar fundarstjóri endurskoðanda félagsins fyrir kynninguna og leggur rekstrar- og efnahagsreikning félagsins fram til staðfestingar.

Afgreiðsla: Samþykkt án athugasemda.

3. Starfskjarastefna félagsins:

Stjórnarformaður félagsins kynnir drög að starfskjarastefnu félagsins og upplýsir um að framkvæmdastjóra félagsins hafi verið falið að vinna frekar að starfskjarastefnunni í samráði við starfsmenn, stjórn og eiganda félagsins. Áætlað er að starfskjarastefna félagsins taki gildi þann 1.1.2020.

Að kynningu lokinni þakkar fundarstjóri stjórnarformanni fyrir kynninguna og leggur fram tillögu um að samþykkt starfskjarastefnu verði frestað.

4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna:

Þar sem engin ný tillaga um þóknun til stjórnarmanna liggur fyrir leggur fundarstjóri til að þóknun stjórnarmanna verði óbreytt.

Afgreiðsla: Samþykkt án athugasemda.

5. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað/tap félagsins:

Engin tillaga lögð fram um hvernig skuli fara með tap félagsins fyrir síðasta rekstarár.

6. Kosning stjórnar:

Bæjarstjóri afhendir fundarstjóra tillögu að stjórn félagsins.

Sem aðalmenn í stjórn félagsins eru eftirfarandi aðilar tilnefndir:

Arnar Pétursson
Agnes Einarsdóttir
Guðlaugur Friðþórsson
Páll Guðmundsson
Arndís Bára Ingimarsdóttir

Sem varamenn í stjórn félagsins eru eftirfarandi aðilar tilnefndir:

Aníta Jóhannsdóttir
Birna Vídó Þórsdóttir

Afgreiðsla: Samþykkt án athugasemda.

7. Kosning endurskoðanda

Þar sem engin tillaga um breytingar á endurskoðunarfyrirtæki liggur fyrir leggur fundarstjóri til að KPMG, Borgartúni 27, Reykjavík, verði endurkjörð sem endurskoðunarfyrirtæki félagsins.

Afgreiðsla: Samþykkt án athugasemda.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Í lok fundar afhendir fundarstjóri, með góðri kveðju frá fjölskyldu Georgs Þórs Kristjánssonar, bók sem var í eigu Georgs um sögu, smíði og afhendingu Herjólfss III. Framkvæmdastjóri félagsins tekur við bókinni fyrir hönd félagsins og færir fundarstjóra og fjölskyldu Georgs Þórs Kristjánssonar bestu þakkir.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:30.

Fundargerð ritaði Arndís Bára Ingimarsdóttir, ritari stjórnar.

